

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfisins Nes 1.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 26. júlí 2011 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins Nes 1 á Reyðarfirði. Breyting deiliskipulagsins felst í fjölgun lóða, breytingu á lóðamörkum nokkurra lóða, breytingu á götunúmerum, breytingu á nýtingarhlutfalli lóða, annarri megin mænisstefnu er bætt við, ein aðkoma verður inn á skipulagssvæðið, skipulagssvæðið stækkar og gert verður ráð fyrir jarðvegsmönnum.

Breyting deiliskipulagsins hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 25. ágúst 2011,

Páll Björgvin Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. september 2011